

Hafnarfirði 25. júní 2018

Umsögn vegna Suðurnesjalínu 2 – drög að matsáætlun.

Landsnet hefur kynnt drög að matsáætlun vegna Suðurnesjalínu2 í samræmi við reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.


Frestur til að skila inn ábendingum var 12. febrúar sl. 14 umsagnir hafa borist.

Í drögunum er m.a. gert grein fyrir:

Valkostagreiningu, áhrifaþáttum framkvæmdarinnar, hvernig staðið verði að mati á umhverfisáhrifum, fyrirkomulagi kynninga og samráðs og svo einnig framsetningu gagna í frummatsskýrslu.

Landsnet hefur sent Skipulagsstofnun tillöguna og hefur stofnunin óskað eftir að Hafnarfjarðarþorbær gefi umsögn um meðfylgjandi tillögu að matsáætlun í samræmi við 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í sjálfu sér gerir matsáætlunin ágætlega vel grein fyrir öllum þeim þáttum er málið varða en hins vegar mun eftirfarandi umsögn einungis fjalla um þann hluta línunnar sem fer í gegnum Hafnarfjörð og þætti því tengdu. Í gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 er lega valkosti C (loftlína samhliða Suðurnesjalínu 1) það eina línustæði sem samræmist gildandi skipulagi. Hvað aðrar framsettar tillögur varðar þá kalla þær allar á breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar .




Hlutamynd úr AH 2013-2025.

Í skýrslunni kemur fram, að til þess að geta áttað sig betur á mögulegum umhverfisáhrifum framkvæmdanna þá skiptir máli hvaða þættir það eru sem eru líklegir til að hafa umhverfisáhrif í för með sér, þar eru m.a. nefndir þættir eins loftlína, jarðstrengur, frágangur og efnistaka. Þetta eru þeir meginþættir sem mestu máli skipta máli fyrir Hafnarfjörð.

Í kafla 5 um valkosti og valkostagreiningu (samantekt) kemur fram að hluti af framsettum valkostum eru jarðstrengjakostir, en þeir falla ekki að viðmiðum í stefnu stjórnvalda hvað varðar, hvenær skuli meta lagningu jarðstengja. Í þeirri stefnu segir að við mat á meginflutningskerfi raforku skuli meginreglan vera sú, að notast skuli við loftlínu nema að annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra. Meta skuli í hverju tilviki fyrir sig hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línuleið, eða á afmörkuðum köflum hennar, á grundvelli nokkurra viðmiða sem þá réttlæta að dýrari kostur sé valinn. Viðmiðin eru m.a. ef lína er lögð innan þéttbýlis, í nágrenni við flugvelli og geti haft áhrif á flugöryggi eða sé innan friðlands. Fram kemur í matsáætlun Landsnets að á línuleið

Suðnesjalínu 2 séu engin svæði sem falla undir þessi viðmið nema í Hamranesi.



Suðnesjalína 2 Hlutamynd úr valkostamynd

Hafnarfjarðarbær vill undirstrika og leggja áherslu á að línan fari í jörð innan marka sveitarfélagsins þar sem íbúðabyggð á Völlum og Skarðshlíð ásamt stærsta útivistarsvæði bæjarins er of nærri umræddri línu til þess að hægt sé að rökstyðja að hún verði ofanjarðar. Jafnframt er vakin athygli á því að valkostur A (jarðstrengur í línugötu) og valkostur B (jarðstrengur við Reykjanesbraut) þarf nánari ígrundunar m.t.t. skipulagsáforma Hafnarfjarðarbæjar á þessu svæði og auk þess sem breytingar geta átt sér stað hvað varðar framtíðar legur Reykjanesbrautar á þessu svæði.

Í kaflanum um línuslóðir og malarplön þarf að útskýra nánar hvernig framkvæmdasvæðið verður hreinsað og jarðrask lagfært. Það þarf t.d. að koma skýrt fram hvernig t.d. varðveita skuli eða endurnýja hugsanlegan mosa eða annað jarðvegsrask á svæðinu.



Það þarf að gera betur grein fyrir hugsanlegri zinkmengun eða annarri mengun sem kann að hljóttast af framkvæmdinni.

Þá þarf að koma nánar og skýrar fram hvert hættumat er á línuleiðinni m.t.t. eldgosa og jarðskjálfta.

Hafnarfjarðarbær áskilur sér að koma með athugasemdir á síðari stigum.

Framkvæmdaleyfi verða gefin út á grundvelli 3. gr. skipulagslaga 123/2010.

Beðist er velvirðingar á hversu seint þessi umsögn berst.

Kv.

Þormóður Sveinsson. skipulagsfulltrúi